

## AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum kr.
1. nóv. 1981 .....	128 310	384 929
1. des. 1981 .....	141 033	423 100
1. mars 1982 .....	151 625	454 875

*Samgönguráðuneytið, 5. mars 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaaksturs á félagssvæði  
Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu.

### 1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, en það nær yfir Suður-Þingeyjarsýslu.

### 2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 28, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu og sýslunefndar sömu sýslu.

### 3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

### 4. gr.

Tvisvar á ári, þ.e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 28, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tíma-röð.